



Skólanefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

2. fundur Skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, 4. október 2022 kl. 14:15.

Fundinn sátu:

Pétur Thomsen, formaður, fulltrúi sveitarstjórnar

Guðrún Helga Jóhannsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Anna Margrét Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarstjórnar

Íris Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldra

Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri

Íris Anna Steinarsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri

Fundargerðin var rituð í tölvu og hana ritaði Guðrún Helga Jóhannsdóttir.

1. Kynning á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Kristín Arna Hauksdóttir frá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps kynnti nefnd löggjöfina og vinnu við innleiðingu hennar. Sagði meðal annars frá mælaborði um farsæld barna sem er á lokametrunum og mun hafa yfir að ráða upplýsingum um farsæld barna.

2. Fundargerð NOS stjórnar byggðasamlagsins um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshrepps bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Skólahúsnæði Kerhólsskóla skoðað

Nefnd gekk um skólahúsnæðið og skoðaði aðstæður.

4. Önnur mál

Foreldrafélagið lagði könnun fyrir foreldra leikskóladeildar um viðhorf þeirra til lokunar leikskóladeildar á milli jóla og nýárs. Niðurstöður könnunar liggja fyrir og eru svohljóðandi: Átta foreldrar svöruðu könnuninni, þar af vildu þrír foreldrar hafa möguleika á að koma með börnin á milli jóla og nýárs og fimm eru sáttir við að hafa lokað á milli jóla og nýárs.

Nefndin leggur til að farið verði fram á lágmarksfjölda barna í leikskólanum á milli jóla og nýárs til að starfsemi haldist óskert. Foreldrum verður áfram boðið upp á að fella niður leikskólagjöld á tímabilinu gegn því að skrá barn í frí á milli jóla og nýárs. Lágmarksfjöldi skráðra barna í leikskólanum á milli jóla og nýárs skal vera þrjú til að skólinn haldist opinn.

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 16:00.